

## Fundur Öldungaráðs 28. nóvember 2018

### Mættir:

Elísabet Valgeirsdóttir, Elínbjörg Ingólfssdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir.

### Forföll:

Pórarinn Þórhallsson

### DAGSKRÁ

1. Fundarmenn kynna sig og sinn bakgrunn
2. Fyrrum formaður Öldungaráðs kynnir skýrslu frá kjörtímabili fyrra ráðs.
3. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kynnt fyrir fundarmönnum, sérstaklega með áherslu á ákvæði 38. gr. laganna sem kveður á um Öldungaráð sveitarfélaga og einnig lagagreinar um stuðningsþjónustu.
4. Kynnt fyrir nefndarmönnum helstu ákvæði í rekstraráætlun fjölskylduþjónustunnar fyrir árið 2019 er snúa að málefnum eldri borgara í sveitarfélaginu. Nefndarmenn óska eftir fundi með Fjölskylduráði til að fá frekari upplýsingar um áætlunina.
5. Samþykkt með fimm greiddum atkvæðum að Valgerður Sigurðardóttir, formaður FEBH verði formaður Öldungaráðs. Valgerður þakkar nefndarmönnum traustið. Ákveðið að fresta kosningu varaformanns til næsta fundar. Ákveðið að Guðrún Frímansdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu verður ritari ráðsins.
6. Annað  
Gylfi Ingvarsson, segir frá jákvæðri reynslu af verkefninu Brújum bekki. Samstaða um að halda þessu verkefni áfram með sömu ábyrgðaraðilum og áður.

Boðað verður á ný til fundar í janúar 2019.